

26. Frumvarp

til laga um vinnumiðlun.

(Lagt fyrir Alþingi 1934).

1. gr.

Í hverjum kaupstað landsins skal stofnuð vinnumiðlunarskrifstofa, ef bæjarstjórn hlutaðeigandi kaupstaðar ákveður, eða atvinnumálaráðherra mælir svo fyrir.

2. gr.

Hlutverk vinnumiðlunarskrifstofu er:

1. að veita endurgjaldslausa milligöngu, verkamönnum jafnt sem atvinnurekendum, um vinnusölu og vinnukaup,
2. að miðla vinnu á milli bæjarbúa, eftir því, sem unnt er,
3. að úthluta vinnu þeirri, sem kostuð er af bæjum og ríki til atvinnubóta, svo og annari vinnu, er ríki, bæir eða opinberar stofnanir, fela skrifstofunni að úthluta,
4. að fylgjast með atvinnuháttum, eftir því, sem auðið er og safna skýrslum og gögnum í því augnamiði,
5. að aðstoða við atvinnuleysisskráningar eftir lögum nr. 57 frá 7. maí 1928, og láta fram fara atvinnuleysisskráningar, eftir fyrirmælum bæjarstjórnar eða atvinnumálaráðherra,
6. að veita opinberum stofnunum, svo og verklyðsfélögum innan Alþýðusambands Íslands og félögum atvinnurekenda, upplýsingar um tölu atvinnulausra og hagi þeirra, eftir því, sem unnt er,
7. að halda uppi innbyrðis sambandi á milli vinnumiðlunar í kaupstöðum landins, og
8. að inna af höndum þau störf, er skrifstofum þessum kann að vera falið með lögum eða reglugerðum.

3. gr.

Stjórn hvernar vinnumiðlunarskrifstofu skal skipuð fimm mönnum. Er einn þeirra tilnefndur af atvinnumálaráðherra, og er hann formaður stjórnarinnar, tveir þeirra skulu kosnir af hlutaðeigandi bæjarstjórn með hlutfallskosningu, einn útnefndur af verklyðsfélagi eða fulltrúaráði verklyðsfélaga innan Alþýðusambands Íslands, ef til er í kaupstaðnum, og einn af félagi atvinnurekenda þar á staðnum. Nú er vinnumiðlunarskrifstofa stofnuð í kaupstað, þar sem ekki starfar verklyðsfélag innan Alþýðusambands Íslands, eða félag atvinnurekenda, og skipar atvinnumálaráðherra þá menn í þeirra stað í stjórnina.

Kosning og skipun stjórnarmanna er til fjögurra ára í senn. Jafn margir varamenn skulu kosnir og skipaðir af sömu aðilum til sama tíma. Laun stjórnarmanna skulu ákveðin af hlutaðeigandi bæjarstjórn með samþykki atvinnumálaráðherra.

4. gr.

Stjórn vinnumiðlunarskrifstofu ræður forstöðumann skrifstofunnar, svo og aðstoðarmenn, ef þurfa þykir. Hún ákveður og laun starfsmanna, setur þeim starfsreglur, og hefir yfirumsjón með störfum þeirra og rekstri skrifstofunnar yfirleitt.

5. gr.

Allur kostnaður við vinnumiðlunarskrifstofur greiðist að tveim þriðju hlutum úr hlutaðeigandi bæjarsjóði, og að einum þriðja hluta úr rikissjóði.

6. gr.

Með reglugerð, sem atvinnuáráðherra setur, má nánar ákveða um störf og fyrirkomulag vinnumiðlunarskrifstofanna, svo og um samband og samvinnu þeirra á milli, allt að fengnum tillögum bæjarstjórna.

7. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta:

Nauðsyn ber til skjótra ráðstafana til aukinnar atvinnu og réttlátrar skiptingar þeirrar vinnu, sem kostur er á, milli vinnuþurfandi manna. Ein ekki ómerk tilraun til lausnar þessa vandamáls er vinnumiðlun, eða stofnun skrifstofa er hafa það verk með höndum, að miðla vinnu á milli manna, að hafa milligöngu meðal þeirra manna, er vinnu vilja selja, verkamanna, og þeirra, er vinnu vilja kaupa, atvinnurekenda, og fylgjast með atvinnuháttum, til þess að geta gefið nauðsynlegar upplýsingar, er verða mættu undirstaða aðgerða til útrýmingar á atvinnuleysi, eða til betra skipulags á atvinnuháttum.

Skrifstofur þessar, vinnumiðlunarskrifstofur, hafa verið stofnaðar víða um lönd, og verið reknar af ríki og bæjum. Um 1890 voru slíkar skrifstofur fyrst stofnaðar í Sviss og í ýmsum ríkjum Suður-Þýskalands. Og um aldamótin síðustu voru skrifstofur þessar víða stofnaðar hér á Norðurlöndum, og löggjöf og fyrirmæli um þær settar. Reynslan af þessum stofnunum hefir verið góð, og er það almennt viðurkennt að þær hafi gert mikið gagn, til þess að bæta úr ringulreið og allskonar skipulagsleysi í atvinnuháttum. Sumstaðar hafa skrifstofur þessar verið stofnaðar og reknar af einstaklingum, en það þótt illa gefast, og ekki fullnægja þeirri félagslegu þörf, er vinnumiðlunin á að hafa.

Nú er svo komið hér á landi að atvinnuleysi er mjög alvarlegt, einkum í kaupstöðum landsins. Er því nauðsynlegt að gera allar þær ráðstafanir, sem unnt er, til þess að bæta úr því böli og útvega vinnulausum mönnum atvinnu. Sýnist þá eðlilegt að gripa, meðal annars, til þess ráðs, er vel hefir gefizt og að gagni komið, þar sem það hefir verið reynt, sem er vinnumiðlun. Og nú þegar hefir verið stofnuð og starfrækt skrifstofa í svipuðum tilgangi á Siglufirði, og í Reykjavík verið stofnuð ráðningarskrifstofa af bænum og önnur af fulltrúaráði verklyðsfélaganna, en það er að sjálfsögðu alger óþarfi að tvær slíkar skrifstofur séu starfræktar í sama bænum. Virðist því vera mál til þess komið að

sett sé löggjöf um þetta efni, þar sem lögfest sé heildarskipulag á vinnumiðlun og þess vegna er frumvarp þetta fram komið.

Skal nú vikið að einstökum greinum frumvarpsins.

Um 1. gr.

Hér er gert ráð fyrir því, að hægt sé að stofna vinnumiðlunarskrifstofu í hverjum kaupstað landsins, þó að sjálfsögðu ekki nema eina á hverjum stað. Þykir rétt að takmarka þessar stofnanir við kaupstaðina, að svo komnu, og gætu þá skrifstofurnar orðið átta alls, ef þær risu upp í öllum kaupstöðunum. Ekki þykir samt rétt að lögbjóða skilyrðislaust, að skrifstofur þessar skuli stofnaðar í öllum kaupstöðunum, og er því svo fyrir mælt, að því aðeins skuli stofna vinnumiðlunarskrifstofu, að annaðhvort bæjarstjórn eða atvinnuáráðherra ákveði. Það sýnist eðlilegast, að hvor þessara aðila um sig geti tekið ákvörðun um stofnun skrifstofunnar.

Um 2. gr.

Hlutverk vinnumiðlunarstofu eru hér talin í 8 liðum, og marka þau tilgang þessarar stofnunar. Er þar að sjálfsögðu fyrst og fremst um að ræða ó-keypis milligöngu um útvegum vinnu og sem réttlátasta miðlun vinnunnar á milli atvinnulausra manna. Eðlilegast þykir og að slíkar skrifstofur hafi með höndum úthlutun á atvinnubótavinnu, og annari þeirri vinnu, sem ríki, bæir og opinberar stofnanir láta framkvæma. Er gert ráð fyrir að hið opinbera noti skrifstofurnar að þessu leyti. Þá er og rétt að skrifstofurnar fylgist sem bezt með atvinnuháttum, safni gögnum og skýrslum, aðstoði við hinar lögboðnu atvinnuleysisskráningar, og sjái einnig um skráningar, er gera má ráð fyrir að bæir eða ríki láti framkvæma, auk hinna lögboðnu, til þess að staðreyna um atvinnuleysi. Þá þykir og sjálfsagt að skrifstofur þessar láti opinberum stofnunum og félagsskap verkamanna og atvinnurekenda í té, allar þær upplýsingar um tölu atvinnulausra, er skrifstofur þessar hafa, allt með hliðsjón af því, að gerðar verði ráðstafanir til umbóta atvinnuleysinu. Þá þykir rétt að gera ráð fyrir að skrifstofurnar haldi uppi samvinnu og sambandi sín á milli, til gagnkvæmra nytsemda og hagræðis um vinnumiðlun. Loks má gera ráð fyrir að skrifstofunum verði falin fleiri og viðtækari verkefni síðar.

Um 3. gr.

Eðlileg afleiðing af því, að skrifstofur þessar eru reknar af ríki og bæjum, og starf þeirra snertir verkamenn og atvinnurekendur, er það, að stjórn þeirra sé skipuð fulltrúum útnefndum af ráðuneyti og bæjarstjórnnum, auk fulltrúa frá verkamönnum og atvinnurekendum. Sjálfsagt þykir og, að félög innan landsambands verkamanna, Alþýðusambands Íslands, skipi fulltrúa verkamanna, og þar sem eitt slíkt verklyðsfélag er í kaupstað, þá sjái það um tilnefninguna, og ef fleiri félög eru, er hafi fulltrúaráð, þá sé það aðili til útnefningar. Ef ekki eru í kaupstað slík félög verkamanna og atvinnurekenda, er talið rétt að atvinnuáráðherra skipi fulltrúa í þeirra stað. Svipað skipulag gildir um stjórnir vinnumiðlunarskrifstofa erlendis.

Um 4. gr.

Stjórn skrifstofanna hefir að sjálfsögðu það hlutverk með höndum að ráða starfsmenn á skrifstofurnar, ákveða þeim laun og setja þeim starfsreglur. Með því að stjórnendur eru skipaðir af þeim aðilum, er segir í 3. gr., sýnist ekkert vera athugavert við það, að allar fjárreiður og annað það, er skrifstofurnar áhrærir, séu í höndum þessara stjórna.

Um 5. gr.

Með því að það skiptir miklu máli fyrir bæjarfélögin og einnig fyrir þjóðfélagsheildina, þá þykir rétt að allur kostnaður við skrifstofurnar, skiptist á milli bæja og ríkis, eftir hlutfallinu tveir á móti einum.

Um 6. gr.

Þarsem litil reynsla hefir enn fengizt um rekstur og skipun vinnumiðlunar hér á landi, þykir rétt að gera ráð fyrir, að sett séu með reglugerð nánari ákvæði um störf og fyrirkomulag skrifstofanna, en áður sé leitað tillagna bæjarstjórna.

Um 7. gr.

Þarfnast ekki útskýringa.